

Nd.

404. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. i Nd.)

1. gr.

Á eftir orðunum »20 % af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsg. 1. grein-
ar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum,
kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30 % stimplast eftirtaldar vörur: Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða
niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið.
Ávaxtamauk. Hnetur. Makrónudeig. Kaffibrauð allskonar. Kex, annað en mat-

arkex. Lakkrís. Marsípan. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Hársmyrsl. Lifandi jurtir og blóm. Tilbúin blóm, Jólastrjeskraut. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Silkihattar. Floshattar. Lakkskór. Silkiskór og flosskór. Sólhúttar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfurvörur. Nikkelvörur. Tinvörur. Spil.

B. Með 10 % stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Bládgull til gyllingar. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrimur. Heymælar. Hjólvax. Hjóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kítti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurliking. Lofthanar. Nálar. Oliuhanar. Pakkalitur. Þrjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjarlar og fjölrítar. Skotfæri. Skrufur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelim. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshonar. Viðhafnarlausir olíulampar. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Boltar og rær. Efni til bókbands. Hnoð. Hórtvinni. Hvítmálmur. Keðju-lásar. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljóskei. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Vefjarskeiðar. Vjelapjettingar. Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjarlar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og gilda til ársloka 1926.